

1859.

9. júlí.

26. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í Norð-ur- og Austur-umdæminu, um leigu af kúgildum á nokkrum klausturjörðum.

Þér hafð, herra amtmáður, sent bónarbréf frá hinum setta umbodsmanni Þíngeyra klausturs um, að ábúendur af 11 jörðum klaustursins mættu verða undanþegnir að gjalda nema hálfu kúgildaleigu, þangað til þau 18 kúgildi, sem eptir skipun amtsins var lógað vegna fjárkláðans, kæmust upp aptur; auk þessa hafð þér í bréfi 27. október f. á., eptir að hafa bent á, að leiguliðar þessir alls ekki geti gert tilkall til meiri uppgjafar í kúgildaleigunni, en svo sem svari fjórða hluta, og að þér hafð, í von um samþykki stjórnarinnar, gefið þeim gjaldfrest með þenna fjórða hluta, þangað til þér gætuð fengið álit hennar, skotið máli þessu til stjórnarinnar úrslita.

Í þessu tilliti gefst yður hérmeð til vitundar, að stjórnin eptir grundvallarreglum þeim, sem hún hefir látið í ljósi í bréfi 3. nóvember í fyrra, ekki getur veitt þá uppgjöf í kúgildaleigunni, sem hér ræðir um.

13. júlí.

27. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins á Íslandi, um umkvörtun fjöggra bæjarfulltrúa í Reykjavík yfir formanni sínum, skólakennara Halldóri K. Friðrikssyni.

Með bréfi yðar, herra stiptamtáður, frá 2. apríl þ. á., hefur stjórnin meðtekið álit bæjarfógetans í Reykjavík um umkvörtun þá, er hingað hafði verið send, um að hinn fyrrverandi formaður bæjarfulltrúanna, skólakennari Halldór K. Friðriksson, þrátt fyrir ósk þeirra og bæjarfógeta hafi synjað þess, að mál viðvíkjandi sölu á Laugarness og Klepps beitilandi kæmi til umræðu á fundi fulltrúanna, þar nokkrir af þeim er æsktu sölunnar voru meðeigendur jarðanna.

Yður til leiðbeiningar og til auglýsingar fyrir þeim, er hlut eiga að máli, gef eg yður hérmeð til kynna, að stjórnin er á

sama máli og þér, herra stiptamtmaður, um það, að formaðurinn, eptir því sem á stóð, hafi breytt rétt og farið vel að. Um leið og stjórnin þannig ekki getur annað en fallizt á aðferð formannsins í þessu efni, er þess enn fremur að geta, að hún ekki getur betur séð, en að fógetinn hefði gjört réttara í því, að beiðast úrskurðar stiptamtmannsins í þessu efni, en að leita álits fulltrúanna, sem voru riðnir við málið; hefði þá líkast til átt að gjöra um þetta mál á almennum borgarafundi, eins og fyrir er mælt í reglug. 27. nóvember 1846 24. gr.

1859.
13. júlí.

28. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um kúgildi á kirkjujörðum.

13. júlí.

Þér hafið, herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, í bréfum yðar, dagsettum 28. janúar og 5. marz í fyrra, leitað úrskurðar stjórnarinnar um, hvernig koma eigi upp aptur kúgildum á kirkjujarðirnar á Íslandi, þegar þau falla án þess leiguliðunum verði um það kennt, eða hafa verið felld vegna kláðasýki þeirrar, er gengur meðal fjárins á Íslandi, og jafnframt spurt yður fyrir um, hvort ekki mætti lofa þeim styrk úr opinberum sjóði til að koma upp kúgildunum aptur, sem hafa gjört allt, sem í þeirra valdi stóð, til að frelsa skepnur sínar og kúgildin, sem þeim er trúað fyrir.

Í þessu máli hlyti líklega að hafa sömu aðferð og með kúgildin á konungsjörðunum á Íslandi. Dómsmálastjórnin var því beðin upplýsingar um, hvaða aðferð amtmennirnir fyrir norðan og vestan hefðu haft í þessu tilfelli, bæði með kúgildi á konungseignum og kirkjujörðum. Dómsmálastjórnin leitaði því næst álits amtmannanna um málið og sendi það hingað; og fylgir hér nú eptirrit af því. Nefnd stjórnardeild hefur meðal annars tekið það fram, að hún sé á sama máli og amtmaðurinn í Vesturamtinu um það, að enn sé ekki kominn tími til að skera úr þessu flókna máli, þaræð menn hvorki hafa eða geta haft nokkurt yfirlit yfir stærð skaðans eða bótanna; og að mál þetta, eptir þeim gögnum, sem fram eru komin, að eins í Suduramt-